

BORGARRÁÐ

Ár 2018, fimmtudaginn 8. febrúar, var haldinn 5490. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09.07. Viðstödd voru auk Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Kristín Soffía Jónsdóttir, Halldór Halldórsson og áheyrnarfulltrúinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Stefán Eiríksson, Hrólfur Jónsson og Bjarni Þóroddsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Kjalarness frá 18. janúar 2018. R18010012
- Kl. 9.08 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.
2. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Laugardals frá 29. janúar 2018. R18010013
3. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 2. febrúar 2018. R18010016
4. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. febrúar 2018. R18010022
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 27 lið. fundargerðarinnar:

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur felld úr gildi ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. desember 2016 um að synja tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötureits, staðgreinireits 1.152.4 vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og 1 við Veghúsastíg. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn synjun borgarstjórnar þann 20. desember 2016 enda var ákvörðun borgarstjórnar óskiljanleg með tilliti til þess ferils sem málið hafði verið í og dæmi um vonda stjórnsýslu sem tekur ekki tillit til undirstöðureglna þar sem íbúar eiga að geta vænst þess að geta treyst kerfinu. Ljóst var við synjun borgarstjórnar 20. desember 2016 að húsið við Veghúsastíg 1 var metið ónýtt árið 2011. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mat húsið óíbúðarhæft í byrjun árs 2012 og Minjastofnun affriðaði húsið á árinu 2014 vegna bágs ástands þess. Minjastofnun gerði ekki athugasemdir við niðurrif þess. Þrátt fyrir þetta synjaði meirihluti borgarstjórnar breytingu á deiliskipulagi sem hefur nú verið lagfært tveimur árum síðar með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Líf Magneudóttir vísar af fundi við umræðu um 27. lið fundargerðarinnar.

5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 18 mál. R18020012
6. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R18020025
7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna Hverfið mitt 2018. Kostnaðaráætlun er 450 m.kr. R18010097
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9.19 taka borgarstjóri og Pétur Ólafsson sæti á fundinum.
- 8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir á æfingasvæði Þróttar í Laugardal. Kostnaðaráætlun er 50 m.kr. R18020029
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 9. Lagt fram ódags. erindisbréf starfshóps innri endurskoðanda um mat á misferlishættu. R18020034
- 10. Lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla, sbr. 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 14. desember 2017 og t.l. D-17 undir 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. janúar 2018, umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 22. janúar 2018. R17120077

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að tillögunni verði vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs sem skal láta fara fram greiningu á uppbyggingarþörf í samvinnu við skóla- og frístundasvið samkvæmt framlögðum umsögnum.

Samþykkt með 5 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn 2 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

- 11. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 5. febrúar 2018, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 1. febrúar 2018 á tillögum starfshóps um úthlutun styrkja og þjónustusamninga velferðarráðs. Lagt er til að borgarráð samþykki þjónustusamninga til þriggja ára en almennir styrkir og samningar til eins árs eru sendir borgarráði til kynningar. R17010182
Samþykkt.

Tillögurnar eru trúnaðarmerktar fram að afhendingu styrkjanna.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 12. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 5. febrúar 2018, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 31. janúar 2018 á tillögu um framtíðarfyrirkomulag virknitilboða til atvinnulausra einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu þar sem lagt er til að menningar- og sundkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa einstaklinga með fjárhagsaðstoð. R18020033
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 13. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 5. febrúar 2018, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 1. febrúar 2018 á tillögu um breytingu á akstri á heimsendum mat, ásamt greinargerð og fylgigögnum. R18020030
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 5. febrúar 2018, sbr. samþykkt mannréttindaráðs frá 9. janúar 2018 á tillögu um úthlutun styrkja mannréttindaráðs fyrir árið 2018, ásamt fylgiskjöllum.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R18020018

15. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur í þágu heimilislauss fólks, sbr. 40. lið fundargerðar borgarráðs frá 30. nóvember 2017. Einnig er lögð fram umsögn íþrótt- og tómstundasviðs, dags. 14. desember 2017, umsögn velferðarsviðs, dags. 25. janúar 2018, og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. febrúar 2018. R17110178

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Brugðist hefur verið við þeim atriðum sem tillagan tekur til og er því lagt til að velferðarsviði verði falið að skoða hvort frekari aðgerða er þörf sem snúa beint að þeim sem dvelja á svæðinu í Laugardal.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

16. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 6. febrúar 2018, þar sem drög að erindisbréfi um þarfagreiningar vegna skólabygginga í Reykjavík eru lögð fram til kynningar. R18010128

17. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 6. febrúar 2018, ásamt drögum að samningi, dags. 25. janúar 2018:

Lagt er til að samningur milli Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Listahátíðar í Reykjavík um rekstur og fjárframlög til hátíðarinnar, verði staðfestur í borgarráði.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17080096

Samþykkt.

18. Lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis, dags. 1. febrúar 2018, um lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkflugvelli: Stjórnsýsla, framkvæmd, skilvirkni og ákvarðanataka. R12100372

19. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. febrúar 2018, þar sem drög að erindisbréfi fyrir starfshóp um innleiðingu jafnlaunastaðals ÍST85 eru lögð fram til kynningar. R18020019

20. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. febrúar 2018, þar sem lagt er til að borgarráð samþykki að tillögur starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum verði settar í framkvæmd. R17110191
Samþykkt.

21. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 29. janúar 2018:

Lagt ert til að borgarráð samþykki að veita starfsstöðum Reykjavíkurborgar heimild til að ráða starfsfólk sem nú þegar starfar hjá Reykjavíkurborg þó að starfshlutfall þeirra fari yfir 100%. Komið verði til móts við þann umframkostnað sem skapast úr sérstökum potti að fjárhæð 15.mkr. Er þessari aðgerð ætlað að koma til móts við þá starfsstaði þar sem mannekla er. Mannauðsdeild ráðhúss verði falið að útfæra framkvæmdina nánar og kynna

fyrir starfsstöðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við mannauðsþjónustur fagsviða.

Greinargerð fylgir tillögunni. R18010387
Samþykkt.

22. Lagt fram minnisblað fjármálaskrifstofu, dags. 22. janúar 2018, varðandi álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2018. R16010275
23. Lagt fram minnisblað fjármálaskrifstofu, dags. 29. janúar 2018, varðandi gjaldskrár Reykjavíkurborgar og samanburð við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, ásamt fjölskyldudæmum. R18010364
24. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 26. janúar 2018, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að halda áfram samstarfsverkefni með Íslandsstofu og fleirum um eflingu líftækniklasa á höfuðborgarsvæðinu, ásamt fylgiskjölum. R17030153
Samþykkt.
25. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 5. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar á lóð fyrir fjölbýlishús að Fossvogsvegi 8. R17100008
Samþykkt.
26. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 5. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að fallið verði frá forkaupsrétti og að veitt verði undanþága frá aldurskilyrðum vegna sölu á hlut í íbúð að Hólabergi 84. R18010368
Samþykkt.
27. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 5. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð heimili að verja 55 m.kr. til endurbóta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og 30 m.kr. til endurbóta og breytinga á svínahúsi og viðbyggingu við það vegna villtra dýra í hremmingum. R18020024
Samþykkt
28. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 18. janúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki samning um leigu á rými í Hafnarhúsi. Einnig er lögð fram umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 31. janúar 2018. R18010254
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
29. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Óskað er eftir upplýsingum um það hvað Reykjavíkurborg hefur úthlutað mörgum lóðum frá upphafi þessa kjörtímabils fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir, hvaða lóðir það séu, fjöldi íbúða á hverri lóð, til hverra var úthlutað, dagsetning lóðaúthlutana, hvort byggingarleyfi hafi verið gefin út og ef svo er á hvaða byggingarstigi húsin eru á hverri lóð fyrir sig. R18020068
30. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir greinargerð um í hvaða mæli umferðarlíkan hefur verið notað þegar þróun íbúabyggðar í Reykjavík hefur verið metin til framtíðar, bæði vegna þéttingar byggðar sem og nýrra hverfa. Þar verði eftirfarandi spurningum meðal annars svarað: Hvaða umferðarlíkan eða umferðarlíkön hafa verið notuð til að meta áhrif íbúafjölgunar í Reykjavík? Hvaða gögn um ferðir fólks hafa verið lögð til grundvallar í þeirri vinnu? Hvaða samgöngulausnir voru skoðaðar þegar

metin voru áhrif byggðar í Örfirisey? Hafa hugmyndir um lagningu Geirsgatar í stökk verið skoðaðar sem og aðrar veltengingar í þessu sambandi? Var umferðarlíkan notað í þeirri vinnu og þá hvaða líkan? R18020066

31. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að sem fyrst verði bætt úr óviðunandi hljóðvist í borðsal þjónustumiðstöðvar eldri borgara að Vesturgötu 7. Umræddur borðsalur er í mikilli notkun enda þjónar hann notendum dagdvalar eldri borgara, þátttakendum í félagsstarfi eldri borgara sem og íbúum hússins. Hljóðvist í salnum er slæm og nauðsynlegt að grípa strax til úrbóta í því skyni að draga úr hávaða og glymjanda í salnum. R18020067

Frestað.

Fundi slitið kl. 10.56

Sigurður Björn Blöndal

Halldór Auðar Svansson
Kristín Soffía Jónsdóttir
Halldór Halldórsson

Elsa Hrafnhildur Yeoman
Líf Magneudóttir
Kjartan Magnússon